

**012/1995**

**Reglugerð um holræsagjald í Vestmannaeyjum.**

**1. gr.**

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Vestmannaeyjakaupstað eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,09% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

**2. gr.**

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

**3.gr.**

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda og greiðist holræsagjaldið með fasteignagjöldum. Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsti gjalddagi holræsagjalds á árinu 1995 er 15. janúar og eindagi fyrsta gjalddaga er 15. febrúar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1995.*

**F. h. r.**

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

**Reglugerð**

**[Af vef Alþingis](#)**